

gjörð þá hina þýddu, er kom í Eimreiðinni í fyrra, um „Kristindómsdeilur í fornöld“. Ritgjörð þessi er tekin sem talandi vottur um trúleysi Íslendinga, því hún á að vera „þrungin af helberri vantrú og kristindómshatri — — og þyldist annars ekki með neinu móti“. Engum sannsýnum enskum kennimanni hefði komið til hugar að fara slískum orðum um ritgjörð þessa, því í sjálfu sér er hún hvorki með eða móti kristinni trú. Hún er að eins söguleg frásaga frá fornöld kyrkjunnar um álit manna á þeim tímum á trúarhreyfingunni kristnu. Meðal annara þjóða, þeirra sem fremstar standa í menningarlegu tilliti, hefir saga þessara fyrstu alda kristninnar verið mjög mikil rann sökuð nú um langan tíma. Margt af því sem kreddfufastir menn mundu kalla „helbera vantrú“, hefir komið í ljós. Fæst af þeirri munka-gloríu er hlaðin var á fornöldina yfir allar miðaldirnar og seinna, hefir staðist. Og það eru ekki nema að einhverju leyti veiklaðir menn, sem fá sér annað eins til. Sannleikurinn er meíra verður en heimskan og þvættingurinn, þótt hann láti miður í eyrum þeirra í bili. Og hver og einn sem leyfa vildi frjálsa rannsókn á hvaða málí sem er. Honum kemur ekki til hugar að æðrast þótt eitthvað það leiddist í ljós, er áður var hvergi getið í kreddubókum hans eða annara. Hver sannur maður tekur fegins hendi öllum áreiðanlegum upplýsingum. Og það er hverrar þjóðar líf og lán að eiga sem flesta ærlega og hreinskilna menn, er segja vilja henni satt og rétt frá hlutunum hvort sem það er áhrærandi trú hennar eða eitthvað annað.

Þessi gífurlegu mótmæli á grein þessari sanna að stefna kyrkjufélagsins er öfugur Protestantismus með öllu. Því það hefir jafnan verið samkvæmt anda protestanta að rannsaka semi bezt hin ýmsu tímabil kristnisögunnar frá fyrstu tímum og birta þann árangur rannsókna sinna fyrir almenningi svo hann geti öðlast fullkomnari skilning á trúaratridunum eins og þau eru kennd. Það hafa verið vanaleg viðkvæði þeirra við kapólska: „Vér getum eyðilagt allar yðar kenningar og kreddur með því að segja sögu þeirra og út-